



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

# FLÓRGOÐINN

## Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Pistill skólustjóra—námsmat í Áslandsskóla
- Brosbók
- Dagur íslenskrar tungu
- Stóra upplestrarkeppnin
- Vetrarfrí
- Skólamyndir
- Könnun um líðan
- Námsmatsmappa
- Lífsleiknínámskrá heimilanna
- Sameiginleg morgunstund
- Skipulagsdagur

## Námsmat í Áslandsskóla

Kæru nemendur foreldrar / forráðamenn

Kennarar tilgreindu í bekkjarvísunum þeim sem dreift var á skólakynningum í haust um markmið, námsefni og námsmat þeirra námsgreina sem lagðar eru til grundvallar náms og kennslu í hverjum árgangi.

Vinna við innleiðingu símats í Áslandsskóla hefur verið í gangi undanfarin misseri. Símat byggir á því að námsárangur nemandans er metinn jafnt og þétt yfir allan námstímann.

Að mínu mati tel ég að símat stuðli að því að jafna nám nemandans þannig að hann læri jafnt og þétt allan námstímann. Ég tel einnig að með símati ættum við að geta minnkað streitu nemenda og prófstress, sem hingað til hefur að vissu leyti verið árstíðabundið mál í skólum landsins.

Í Áslandsskóla eru ekki stórar og þungar próflotur og stærri og meiri próf koma ekki til sögunnar fyrr en undir lok skólagöngunnar fyrir

nemendur í unglingadeild.

Tilgangur námsmats er að kanna að hve miklu leyti nemandinn hefur tileinkað sér þá færni sem getið er um í Aðalnámskrá, skólanámskrá eða bekkjavísi í viðkomandi grein.

Námsmat getur farið fram með mismunandi hætti allt eftir ákvörðun hvers skóla fyrir sig. Umfang þess skal þó að jafnaði vera í samræmi við umfang kennslu í viðkomandi grein. Það er alltaf kennarinn sem ber ábyrgð á námsmatinu og sér um að meta nemandann.

Að mínu mati stendur námsmat undir nafni þegar kennari ræðir eða ritar um frammistöðu nemandans. Hrósar því sem vel er gert, bendir á athyglisverða hluti og kemur með ábendingar um það sem mætti bæta og þá leiðir til úrbóta.

Í þessu tölublaði Flórgoðans er fjallað eilítið um námsmatsmöppur þær sem við höfum tekið í notkun hér í skólanum. Þá er minnst á

að brosbækurnar hafa farið heim í fyrsta skipti á skólaárinu. Vil ég nota þetta tækifæri og þakka BYR veittan stuðning við útgáfu brosbókarinnar þetta skólaárið.

Námsmatsmappan fer heim fyrsta virkan dag hvers mánaðar og er misjafnt milli árganga og mánaða hvað fer heim hverju sinni. Próf og kannanir, matsblöð fyrir hópaverkefni og sýnishorn af vinnu nemenda eru dæmi um það sem fer í Námsmatsmöppuna.

Bestu skólakveðjur

**Leifur S. Garðarsson**

Skólustjóri

(pistla skólustjóra má líka finna á [www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is))



# Lífsleikninámskrá heimilanna

Nemendur í Áslandsskóla njóta þeirra forréttinda að fá fleiri kennslustundir í lífsleikni en gerist og gengur í íslenska skólakerfinu. Samkvæmt eldri Aðalnámskrá grunnskóla er gert ráð fyrir einni kennslustund í viku frá og með 4. bekk, en í Áslandsskóla eru tvær kennslustundir í viku frá og með 1. bekk. Önnur þessara stunda í viku hverri er nýtt með morgunstund þar sem fjallað er um dygd mánaðarins í máli, söng og myndum. Hin stundin er nýtt til bekkjarumræðu um viðkomandi dygd, málefni líðandi stundar og/eða undirbúnings morgunstundar.

Lífsleikni er enn tiltölulega ný námsgrein, en hún er sannarlega mikilvæg. Gott ef hún er ekki alltaf að verða mikilvægari. Námsgrein sem býður okkur að hjálpa nemendum að læra að þekkja tilfinningar sínar og að hafa stjórn á þeim og að vera næmir á það hvernig öðrum líður. Að eiga uppbyggileg samskipti við aðra, að geta tekið ákvarðanir og leyst mál og beitt til þess gagnrýninni og skapandi hugsun. Lífsleikni býður okkur að hjálpa nemendum að setja sér markmið og tileinka sér siðvit og góðan lífsstíl. Hún færir okkur ný og dýrmæt tækifæri til þess að sinna félags- og tilfinningamiðaðri menntun þannig að ungt fólk sé raunverulega undir það búíð að lifa og starfa á 21. öld og læri sem best á lífið. Hvaða viðfangsefni getur talist brýnna?

Alla jafna er það umsjónarkennari í hverjum bekk sem sinnir lífsleiknikennslu í Áslandsskóla. Þó er auðveldlega hægt að færa rök fyrir því að allir starfsmenn skólans sinni þessari kennslu af einhverju marki. Hlutverk skólans er mikilvægt en hlutverk lífsleiknikennslunnar á heimilinu er enn mikilvægara, þar fer lengsta kennslustundin fram.

Nú er ekki hægt að vísa í Aðalnámskrá heimilanna og tíunda hér þrepamarkmið, áfangamarkmið eða lokamarkmið þeirrar kennslu. Þau markmið eru hins vegar ekki ósvipuð þeim sem talin eru upp fyrir í þessari grein. Hvað námsefnið heima við varðar væri

kannski hægt að flokka það enn frekar: kröfur og væntingar um hegðun, styrking jákvæðrar hegðunar, hrós, ögun, afskipti, umhyggja og samvera.

Foreldrar verða að setja barni sínu nauðsynleg mörk með því að gera því skýra grein fyrir því hvað þeir sætta sig við af hálfu barnsins. Þar með á barnið auðveldar með að taka skynsamlegar ákvarðanir og standa ábyrgt gjörða sinna. Foreldrar sem setja markið hátt vegna barna sinna, t.d. í námi, íþróttum eða öðrum viðfangsefnum styrkja viðnámsprótt þeirra gegn fíkniefnaneyslu. Foreldrar sem hrósa barni sínu þegar það gerir vel og halda gagnrýni í lágmarki efla sjálfstraust þess. Ákveðinn tími sem ætlaður er til samveru fjölskyldunnar, t.d. í tómsendum, íþróttum, heimilisstörfum eða matmálstímum leggur grunn að samheldni og stöðugleika í samskiptum og gefur fjölskyldumeðlimum færi á að ræða saman.

Ástæða þessara hugleiðinga minna eru klárar vanefndir við að fara að lögum. Forráðamenn hittast gjarnan á skólakynningum að hausti þar sem farið er yfir námsefni komandi skólaárs og þá skapast oft umræða um útvistartíma undir liðnum önnur mál. Flestir telja sig þekkja til 92. greinar barnaverndarlaga þar sem segir að börn, 12 ára og yngri, megi ekki vera á almannafæri eftir klukkan 20:00 nema í fylgd með fullorðnum. Ennfremur að börn sem eru á aldrinum 13 til 16 ára, skulu ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22.00, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu.

Sjaldnar er hins vegar minnt á 94. grein sömu laga en þar segir að foreldrar eða forráðamenn barna skulu sjá til þess að börn hlíti ákvæðum þessa kafla um útvist.

Með því að fylgja ekki ofangreindum reglum eru forráðamenn klárlega að rugla börn í ríminu þegar kemur að kröfum og væntingum. Á bara að fylgja sumum

reglum en ekki öðrum?

Að mínu mati gera ekki allir sér grein fyrir því að með því að vanvirða reglur um útvistartíma er verið að bjóða hættunni heim. Ótal dæmi eru því til sönnunar. Unglingadrykkja, óæskileg hópamyndun, eftirlitlaus partý þar sem húsmunir og heilu íbúðirnar eru lagðar í rúst, svo fátt eitt sé nefnt. Veit fólk hvar börnin þeirra eru öll kvöld, svo ég tali nú ekki um ef þau eru úti við eftir að útvistartíma lýkur? Gildir þar einu hvort átt er við virka daga eða helgar.

Í Hafnarfirði hefur ýmislegt verið reynt til að efla unglunga, hvetja þá og virkja. Öflugt starf í félagsmiðstöðvum er þar besta dæmið. Hvað eftirlitshlutverkið varðar þá hefur samvinna aðila er vinna með börnum og unglungum stöðugt verið að eflast, þó svo að við gerum þar aldrei nóg og veitum aldrei nægjanlegum fjármunum til slíks.

Það skiptir engu hvað skólinn, félagsmiðstöðin, íþróttafélagið eða sveitarfélagið í heild leggur af mörkum ef kröfur okkar og væntingar til barna okkar eru ekki skýrar. Dustum því rykið af Aðalnámskrá heimilanna, flettum upp á lífsleikni kaflanum og tökum höndum saman. Lífsleiknikennslan fer nefnilega líka fram á heimilunum.

**Leifur S. Garðarsson**  
**Skólastjóri**  
Áslandsskóla

## SKÓLAFÖT

Skólafatnaður er eitt af einkennum Áslandsskóla og hefur verið allt frá haustinu 2002.

Nemendur í 1.-7. bekk klæðast bol, buxum og flíspeysu og nemendur í unglingadeild flíspeysu og bol kjósi þér svo. Þess ber þó að geta að félagsmiðstöðin Ásinn hefur verið að selja peysur og eru þær einnig vel nýttar.

Stöndum vörð um eitt einkenna okkar og pössum að börnin okkur klæðist skólafatnaði. Slíkt eykur samheldni, samstöðu og liðsanda í Áslandsskóla. Þá minnka neikvæði áreiti vegna fatavals nemenda til mikilla muna.

## BROSBÓK

Brosbókin er hluti af símati í Áslandsskóla en hún er afrakstur þróunarvinnu kennara í Áslandsskóla.

Hún fór fyrst heim með nemendum í 1. – 3. bekk í janúar 2004, en núna haustið 2007, eru allir nemendur í 1. – 6. bekk með Brosbók. Stefnt er að því að Brosbókin fylgi nemendum upp í 7. bekk.

Með Brosbókinni er leitast við að vinna á markvissan og sýnilegan hátt með hornstoðir skólans, skólaheitið og dygðirnar. Markmiðið með þessari bók er að draga fram og styrkja jákvæða hegðun og upplýsa heimilin um hvernig nemendum gengur að temja sér þá þætti sem Áslandsskóli hefur að leiðarljósi.

## KÖNNUN UM LÍÐAN

Mánudaginn 22. október og þriðjudaginn 23. október var könnun um líðan lögð fyrir nemendur Áslandsskóla.

Úrvinnsla könnunar fer síðan fram hjá nemendaverndarráði skólans sem í kjölfarið gerir aðgerðaráætlun.

Könnun um líðan verður síðan aftur lögð fyrir í byrjun febrúarmánaðar 2008.

## SAMEIGINLEG MORGUNSTUND

Næsta sameiginlega morgunstund nemenda í Áslandsskóla verður fimmtudaginn 15. nóvember.

Þann morgun hittast allir nemendur skólans á sal og fjallað verður um dygð mánaðarins. Veitt verður viðurkenning fyrir háttvísasta bekk tímabilsins en sá bekkur fær bláa fuglinn, viðurkenningarskjál og bikar til varðveislu.

Forráðamenn eru velkomnir á þessa morgunstund eins og allar aðrar morgunstundir sem eru í viku hverri hjá okkur í Áslandsskóla.

## DAGUR ÍSLENSKRAR TUNGU

Að tillögu menntamálaráðherra ákvað ríkisstjórn Íslands, haustið 1995, að 16. nóvember ár hvert, sem er fæðingardagur Jónasar Hallgrímssonar, yrði dagur íslenskrar tungu.

Í framhaldi af því hefur menntamálaráðuneytið árlega beitt sér fyrir sérstöku átaki í þágu íslensks máls og helgað þennan dag rækt við það. Með því móti beinist athygli þjóðarinnar að stöðu tungunnar, gildi hennar fyrir þjóðarvitund og alla menningu.

Dagur íslenskrar tungu var fyrst haldinn hátíðlegur árið 1996. Fjölmarginir aðilar lögðu hönd á plóg og efndu til viðburða af þessu tilefni. Má þar nefna fjölmiðla, skóla, stofnanir og félög. Menntamálaráðuneytið hélt hátíðarsamkomu og veitti þar í fyrsta sinn Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar og sérstakar viðurkenningar fyrir störf í þágu íslenskunnar.

Dagur íslenskrar tungu hefur síðan verið haldinn hátíðlegur með svipuðu sniði og sífellt fleiri aðilar taka virkan þátt í honum með ýmsu móti. Íslendingar hafa verið hvattir til að draga íslenska fánann að hún á degi íslenskrar tungu.

## SKIPULAGSDAGUR

Skipulagsdagur er í Áslandsskóla miðvikudaginn 14. nóvember næstkomandi.

Þann dag mæta nemendur ekki í skólann en starfsmenn vinna að skipulagsstörfum.

## VETRARFRÍ

Vetrarfrí er í Áslandsskóla mánudaginn 29. október og þriðjudaginn 30. október.

Þá daga hlaða nemendur og starfsfólk skólans orkustöðvarnar með leyfi frá skóla.

## NÁMSMATSMAPPA

Í haust fór af stað nýbreytni í námsmati Áslandsskóla í formi námsmatsmöppu.

Námsmatsmappan er þróunarverkefni en markmið hennar er að upplýsa nemendur og forráðmenn jafnt og þétt um námsstöðu nemenda.

Námsmatsmappan fer heim fyrsta virka dag hvers mánaðar og er misjafnt milli árganga og mánaða hvað fer heim hverju sinni.

Próf og kannanir, matsblöð fyrir hópaverkefni og sýnishorn af vinnu nemenda eru dæmi um það sem fer í Námsmatsmöppuna.

## SKÓLAMYNDIR

Skólamyndataka verður í Áslandsskóla 12. og 13. nóvember.

Bjarni Jónsson hjá Mynd mun mæta með sínar græjur á svæðið og mynda nemendur í 1., 4., 7. og 10. bekkjum skólans.

Upplýsingabréf er á leið heim til þessarra árganga þar sem útlistað er um framkvæmd myndatökunar, verð, greiðslumáta og þess háttar.

Mikilvægt er að forráðamenn gangi frá slíkum málum fyrir þá dagsetningu sem getið er um á upplýsingabréfinu.

Auðvitað verða allir í skólafatnaði á skólamynd, hvað annað?

## STÓRA UPPLESTRARKEPPNIN

Stóra upplestrarkeppnin hefst hátíðlega í Áslandsskóla á degi íslenskrar tungu.

Þá er undankeppni sett með formlegum hætti en nemendur í 7. bekkjum skólans eru hinir formlegu keppendur.

Háttalagið í skólanum er þannig að allir nemendur í 7. bekk fá þjálfun og kennslu í upplestri og taka þeir síðan allir þátt í undankeppni. Úr henni fara 10 nemendur í sérstaka úrslitakeppni innan skólans sem haldin er á sal.

Þaðan fara síðan tveir nemendur í úrslitakeppni sem haldin er í Hafnarborg seint í marsmánuði 2008.



Kríuási 1  
221 Hafnarfirði  
Sími: 585 4600  
Bréfsími: 585 4610  
www.aslandsskoli.is  
aslandsskoli@aslandsskoli.is

**[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)**

**FLÓRGÓÐINN**

**Fréttablað  
Áslandsskóla**

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:  
**Leifur S. Garðarsson**  
skólastjóri